


Samningur

mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf.
um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019

Samningur þessi er gerður á grundvelli 4. mgr. 2. gr. laga um Ríkisútvarpið,
fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013

Efnisyfirlit

1. Markmið	2
1.1. Markmið með rekstri Ríkisútvarpsins	2
1.2. Framboð þjónustu og umfang starfsemi	2
2. Sérstök markmið á samningstímanum	2
2.1. Menningarhlutverk.....	3
2.1.1. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum	3
2.1.2. Aukið framlag til leikins íslensks efnis	3
2.1.3. Áhersla á íslenskt efni fyrir börn.....	4
2.1.4. Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis.....	4
2.1.5. Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins.....	4
2.2. Lýðræðishlutverk	4
2.2.1. Fréttabjónusta	5
2.2.2. Aðgengismál	5
2.3. Samfélagshlutverk	6
2.3.1. Stefnumótun og aðkoma almennings að henni	6
2.3.2. Þjónusta við landsbyggðina	6
2.3.3. Öryggismál og almannavarnahlutverk.....	6
2.3.4. Dreifikerfi.....	6
2.3.5. Jafn réttur karla og kvenna	7
2.3.6. Málstefna.....	7
2.4. Innra eftirlit og gæðamál.....	7
3. Fjármögnun.....	8
4. Upplýsingagjöf	8
4.1. Rekstraráætlun	8
4.2. Ársreikningur og ársskýrsla.....	9
4.3. Upplýsingasöfnun	9
5. Eftirlit og fundir um framkvæmd samnings.....	10
6. Gildistími.....	10



1. Markmið

Samningur þessi er gerður á grundvelli 4. mgr. 2. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, nr. 23/2013 (hér eftir „lögin“), sbr. 1. og 3. gr. laganna. Í samræmi við það sem þar kemur fram er samningi þessum í fyrsta lagi ætlað að skilgreina nánar hlutverk, skyldur og umfang starfsemi Ríkisútvarpsins við framkvæmd fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, í öðru lagi að setja fram sérstök markmið er snerta lýðræðis-, samfélags-, og menningarhlutverk Ríkisútvarpsins og loks í þriðja lagi að kveða á um fjármögnun Ríkisútvarpsins, upplýsingagjöf, miðlun þess o.fl.

1.1. Markmið með rekstri Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpinu er ætlað að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi, skv. 1. gr. laganna. Með samningi þessum er nánar kveðið á um hlutverk, skyldur og umfang þeirrar þjónustu, sem Ríkisútvarpinu er ætlað að veita.

Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar í umhverfi fjölmiðla og til að uppfylla skyldur sínar um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu er mikilvægt að Ríkisútvarpið fylgist náið með þeim breytingum og endurspegli fjölmiðlanotkun Íslendinga á hverjum tíma með því að bjóða upp á fjölbreytt dagskrárefni með mismunandi miðlunarleiðum sem svara margvíslegum þörfum notenda.

1.2. Framboð þjónustu og umfang starfsemi

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og a.m.k. einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur skal Ríkisútvarpið birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi eftir öðrum miðlunarleiðum og hafa efni aðgengilegt sem flestum notendum og stuðla þannig að því að hver og einn geti sem oftast fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs, án tillits til búsetu og efnahags. skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna eru tilgreindir þeir efnisflokkar sem skulu vera í dagskrá Ríkisútvarpsins. Það eru:

- Fréttir og fréttaskýringar
- Lista- og menningarþættir
- Efni fyrir börn og ungmenni
- Afþreying af ýmsum toga
- Fræðsluþættir
- Íþróttþættir

Ríkisútvarpið sendir út dagskrá sem skal uppfylla skilyrði í lögnum og þjónustusamningi þessum, með sambærilegum hætti og umfangi og árið 2015, að teknu tilliti til tekna og gjalda þannig að dagskráframboð og þjónusta geti á samningstímanum dregist saman um allt að 10% miðað við framangreint ár. Með tilliti til þeirra áherslna í dagskrá sem tilgreindar eru í samningi þessum og lögnum og með hliðsjón af eðli starfsemi Ríkisútvarpsins getur tilfærsla milli efnisflokka orðið allt að 20%.

Samningsaðilar eru sammála um að á samningstímanum verði sjónum beint að þeim markmiðum sem lýst er í kafla 2. Við framkvæmd samningsins skal ávallt gætt að samkeppnissjónarmiðum.

2. Sérstök markmið á samningstímanum

Meginhlutverk og markmið Ríkisútvarpsins eru skilgreind í lögnum en samningsaðilar eru ásáttir um eftirfarandi áherslur og sérstök markmið sem vinna skal að á gildistíma samningsins. Við framkvæmd þessara markmiða skal tekin hliðsjón af framboði efnis og áherslum í dagskrá annarra fjölmiðla og gætt að samkeppnissjónarmiðum. Með þessum áherslum er leitast við að skerpa á hlutverki og sérstöðu Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Aðilum er jafnframt ljóst að lögin kveða á um ófrávikjanlega lágmarksskyldu Ríkisútvarpsins. Þeim áherslum og markmiðum sem fram koma í samningnum er því ætlað að útfæra nánar skyldur Ríkisútvarpsins samkvæmt lögunum en takmarka ekki skyldur þess ef ósamræmi reynist vera milli samnings þessa og laganna.

2.1. Menningarhlutverk

Ríkisútvarpið skal hlúa að menningu þjóðarinnar, leggja rækt við íslenska tungu, listir og íþróttir. Ríkisútvarpið skal koma til móts við þarfir almennings um vandað íslenskt efni og styðja við framleiðslu og nýsköpun á slíku efni, jafnt sem annars konar listsköpun og störf listamanna.

Ríkisútvarpið skal á gildistíma samningsins leggja aukna áherslu á innlenda dagskrárgerð og að færa menningarefni framár í forgangsröðun í dagskrá. Menningar- og afþreyingarefni sem Ríkisútvarpið býður upp á skal vera vandað og fjölbreytt og hafa skírskotun til breiðs hóps landsmanna. Á útvarpsrásum Ríkisútvarpsins skal vera lögð áhersla á íslenska tónlist, og einnig skal flutt unnið dagskrárefni.

Ríkisútvarpið skal fjalla um, útvarpa og sýna frá menningartengdum viðburðum sem og íþróttaviðburðum, bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun um íþróttaviðburði skal fjölbreytni höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt á milli íþróttagreina eins og kostur er.

2.1.1. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum

Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni. Á samningstímabilinu skal Ríkisútvarpið kaupa eða vera meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru dagskrársefni í miðlum Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið skal verja til þess að lágmarki 8% af heildartekjum á árinu 2016, 9% árið 2017, 10% árið 2018 og 11% árið 2019.

Komi til sérstök fjárframlög frá Alþingi, sbr. 4. tl. 1. mgr. 14. gr. laganna, skulu þau ekki teljast til heildartekna skv. þessari grein og koma til viðbótar við það sem nefnt er hér að ofan. Verði um frekari slík fjárframlög að ræða skal þeim varið til kaupa og meðframleiðslu á efni samkvæmt þessari grein, nema Alþingi ákveði annað.

2.1.2. Aukið framlag til leikins íslensks efnis

Á gildistíma samningsins mun Ríkisútvarpið leggja aukna áherslu á íslenskt leikið efni til að stuðla að eflingu kvikmyndagerðar í landinu, með það að markmiði að auka framboð og gæði á íslensku leiknu sjónvarpsefni.

Lögð skal áhersla á aukið samstarf Ríkisútvarpsins við Kvikmyndamiðstöð Íslands og sjálfstæða framleiðendur. Aukið framlag í þennan efnisflokk verður á kostnað annarra efnisflokka í sjónvarpi en þó ekki á kostnað framlags til framleiðslu og kaupa á barnaefni.

Aðgerðir og viðmið:

- Innan Ríkisútvarpsins skal stofnuð sérstök eining undir heitinu RÚV-MYNDIR.
 - Hlutverk RÚV-MYNDIR er að stuðla að auknu framboði á leiknu íslensku gæðaeefni. Þessari einingu skal stýrt af sérstöku fagráði sem útvarpsstjóri skipar og ber að starfa eftir gegnsæjum og faglegum starfsreglum.
 - Ríkisútvarpið mun tvöfalda framlag sitt til leikins efnis og skuldbindur sig til að verja árlega 200 milljónum króna hið minnsta til kaups eða meðframleiðslu á slíku efni árið 2017, 2018 og 2019, með fyrirvara um móttframlög til framleiðslu á efninu.
 - Eigi minna en 80% af árlegu framlagi til leikins efnis skal renna til sjálfstæðra framleiðenda sbr. gr. 2.1.1.



- Forsenda fyrir auknu framlagi Ríkisútvarpsins til leikins efnis er að innheimt útvarpsgjald lækki ekki að raunvirði á samningstímanum.

2.1.3. Áhersla á íslenskt efni fyrir börn

Ríkisútvarpið skal leggja áherslu á þjónustu við börn á samningstímabilinu. Yfirheiti þjónustu Ríkisútvarpsins við börn er KrakkaRÚV, og skal hún notfæra sér viðeigandi tækni og miðlunarleiðir auk þess að vera ábyrg fyrirmynd barna og unglinga í notkun þeirra.

Aðgerðir og viðmið:

- Framleiðsla, kaup eða meðframleiðsla á innlendu barnaefni með fjölbreyttu sniði skal aukin á samningstímanum.
- Á tímabilinu skal þróa dagskrárefni með sérstakri áherslu á að efla læsi barna.
- Á tímabilinu skal bjóða upp á fræðsluefni á sviði vísinda- og tækni, sem ætlað er börnum og ungmönnum.
- Sérstaklega skal gætt að því að efni sem ætlað er börnum og ungmönnum sé óhlutdrægt og sé óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum.
- Aðgengi á vef Ríkisútvarpsins að barnaefni úr safni skal aukið á tímabilinu.
- Að minnsta kosti tvö ný leikrit fyrir börn eða fjölskyldur skulu flutt í Útvarpsleikhúsinu.
- Árlega skal boðið upp á nýtt leikið efni fyrir börn og fjölskyldur í sjónvarpinu.

2.1.4. Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis

Ríkisútvarpið skal bjóða upp á fjölbreytt og vandað erlent efni í sjónvarpi og útvarpi sem samræmist 6. tl. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Ríkisútvarpið skal á samningstímabilinu auka hlutfall sjónvarpsefnis frá Norðurlöndum með það að markmiði að það verði að lágmarki 7,5% af útsendu efni. Hlutfall sjónvarpsefnis á enskri tungu skal dregið saman um að lágmarki 5% á sama tímabili. Framboð fræðsluefnis skal á samningstímabilinu ekki vera minna en það var á árinu 2015. Um framboð myndefnis fer að öðru leyti eftir 33. og 34. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

2.1.5. Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna. Ríkisútvarpið skal tryggja sem greiðast aðgengi að safnaefni, hvort sem er til einkanota eða til viðskiptalegrar hagnýtingar sjálfstæðra framleiðenda. Þjónustan skal bera nafnið Gullkista Ríkisútvarpsins.

Á samningstímanum skal stefnt að því færa safnaefni yfir á varanlegt stafrænt form og gera það aðgengilegt almenningi. Ríkisútvarpið skal vegna þessa framkvæma sérstakt kostnaðarmat og kynna mennta- og menningarmálaráðherra það. Í kjölfar þessa verði tekin ákvörðun um framhald verkefnisins.

2.2. Lýðræðishlutverk

Ríkisútvarpið skal veita landsmönnum upplýsingar sem þeir eiga að geta treyst að dragi hvorki taum hagsmunahópa, stjórnmálasamtaka, einstaklinga né ákveðinna sjónarmiða. Með því móti gerir Ríkisútvarpið fólki kleift að móta skoðanir sínar og draga ályktanir út frá réttum upplýsingum, eftir því sem framast er unnt hverju sinni. Ríkisútvarpið skal halda úti fréttáþjónustu í útvarpi, sjónvarpi og eftir öðrum viðeigandi miðlunarleiðum. Ríkisútvarpið skal flytja fréttir í tengslum við kosningar og mikilvæga stjórnmálaviðburði.



2.2.1. Fréttapjónusta

Ríkisútvarpinu ber samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 3. gr. laganna að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga frétt- og fréttaskýringaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.

Fréttapjónusta Ríkisútvarpsins skal vera óháð stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Fréttastofa starfar samkvæmt fréttareglum þar sem þetta skal útfært nánar.

Á gildistíma samningsins verða forsetakosningar árið 2016, alþingiskosningar 2017 og sveitarstjórnarkosningar 2018. Fyrir kosningar skal Ríkisútvarpið miðla upplýsingum til landsmanna og koma skoðunum og málstað stjórnmalahreyfinga og frambjóðenda á framfæri. Fyrir framangreindar kosningar greinir Ríkisútvarpið frá framboðum, fjallar um frambjóðendur og stefnumál. Ríkisútvarpið fylgist með kosningum og kosningaúrslitum og birtir þau.

Aðgerðir og viðmið:

- Ríkisútvarpið skal setja sér nýjar og endurskoðaðar fréttareglur í samræmi við gr. 2.4. í samningi þessum. Fréttareglurnar skulu svo vera endurskoðaðar á minnst þriggja ára fresti.
- Ríkisútvarpið skal birta reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag. Ef boðað er til kosninga með skemmri fyrirvara skal Ríkisútvarpið birta reglur eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynnt hefur verið um kosningarnar.
- Fyrir alþingiskosningar verður öllum framboðum gefinn kostur á eigin kynningu frambjóðenda sinna og stefnumála í sjónvarpi. Reglur þar um skulu liggja fyrir þremur mánuðum fyrir kjördag.
- Fyrir alþingiskosningar skal Ríkisútvarpið greina frá framboðum í öllum kjördæmum í landinu og kynna framboð og stefnumál.
- Fyrir forsetakosningar kynnir Ríkisútvarpið alla frambjóðendur til embættisins með jafngildum hætti. Fyrir forsetakosningar efnir Ríkisútvarpið til umræðu og þáttagerðar þar sem frambjóðendur geta rætt um stefnumál sín.
- Fyrir sveitarstjórnarkosningar skal Ríkisútvarpið að minnsta kosti greina frá framboðum í öllum stærstu sveitarfélögum í landinu og kynna framboð og stefnumál.
- Þann 1. desember 2018 verða 100 ár frá því að Ísland varð fullvalda ríki. Ríkisútvarpið skal gera þeim tímamótum skil í dagskrá sinni.
- Ríkisútvarpið heldur úti veðurbjónustu allan sólarhringinn, m.a. með samningi við Veðurstofu Íslands.

2.2.2. Aðgengismál

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laganna skal í samningi þessum kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

Ríkisútvarpið skal leitast við að nýta sér tæknilegar lausnir til að tryggja aðgengi þeirra sem eru ófærir um að nýta sér þjónustu þess með hefðbundnum hætti. Það skal veita heyrnarskertum aðgang að fréttum og öðru sjónvarpsefni með textun í textavarpi eða útsendingum á táknmáli eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma. Ríkisútvarpið skal leita leiða til að koma til móts við sjónskerta, með tæknilegum lausnum.

Aðgerðir og viðmið:

- Við kaup, framleiðslu, meðframleiðslu eða sýningu á öllu efni í dagskrá Ríkisútvarpsins skal tekið mið af því að aðgengi allra landsmanna sé sem best.
- Ríkisútvarpið skal senda út fréttir á táknmáli alla daga ársins.
- Hlutfall útsendinga á táknmáli á samningstímanum skal ekki vera minna en það var árið 2015.
- Táknmálstúlkun skal fylgja sjónvarpsumræðum í aðdraganda kosninga.

- Öll forunnin innlend dagskrá skal textuð eftir því sem unnt er og sama gildir um undirbúin innlend innslög í aðalfréttatíma sjónvarps. Innlendir þættir sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu skulu textaðir fyrir endursýningu.
- Fréttaskýringarþættir sem sendir eru út í í beinni útsendingu skulu textaðir fyrir endursýningu.
- Á heimasíðu Ríkisútvarpsins skal vera vefpula sem les upp texta.

2.3. Samfélagslutverk

Ríkisútvarpið skal sinna samfélagslegum þörfum almennings með því að miðla vönduðu og fjölbreyttu menningar-, afþreyingar og fræðsluefni til allra landsmanna. Ríkisútvarpið skal, eins og frekast er unnt stuðla að útsendingum frá stórviðburðum og viðburðum sem sameina þjóðina.

2.3.1. Stefnumótun og aðkoma almennings að henni

Til að rækja samfélagslegt hlutverk sitt vinnur Ríkisútvarpið markvissa stefnumótun. Setja skal nýja stefnu sem gildir frá árinu 2016-2020. Í henni skal mótuð framtíðarsýn, hvernig skuli komið til móts við þarfir og óskir notenda að teknu tilliti til meginmarkmiða laganna og samningsins, o.fl. Ríkisútvarpið skal í stefnumótun og starfsemi leitast við að mæta síbreytilegum þörfum landsmanna vegna samfélags- og tæknibreytinga með sérstöðu fjölmiðlaþjónustu í almannabágu í forgrunni; taka mið af framboði efnis á fjölmiðlamarkaði og gæta að samkeppnissjónarmiðum. Áður en stefnan er birt opinberlega skulu drög að henni kynnt mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Ríkisútvarpið skal einnig setja sér dagskrárstefnu er tekur til allra sviða miðlunar. Í henni skulu koma fram áherslur í dagskrá og þjónustu við notendur, að teknu tilliti til laganna og samnings þessa. Dagskrárstefna skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2016.

Ríkisútvarpið skal í samræmi við 7. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun.

2.3.2. Þjónusta við landsbyggðina

Ríkisútvarpið viðheldur þjónustu við alla landsmenn, meðal annars með starfsemi í öllum landshlutum.

Aðgerðir og viðmið:

- Ríkisútvarpið skal sjá til þess að efnistösk og dagskrárefni eigi erindi við landsmenn úr öllum landshlutum.
- Leitast skal við að halda áfram að efla fréttáflutning og dagskrárgerð af landsbyggðinni.

2.3.3. Öryggismál og almannavarnahlutverk

Ríkisútvarpið skal starfa eftir öryggisstefnu til að tryggja upplýsingamiðlun og þjónustu þegar vá ber að höndum. Útvarpsstjóri skipar öryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum Ríkisútvarpsins. Öryggisnefnd skal, að fengnu álit og í samstarfi við Almannavarnir og aðrar viðeigandi stofnanir, útbúa öryggisstefnu Ríkisútvarpsins og sjá til þess að henni sé framfylgt. Öryggisstefnan skal lúta að innra og ytra öryggi, viðbragðsáætlunum vegna vár og reglulegu öryggismati.

Ef ofangreindu má ná fram með auknu samstarfi við aðrar stofnanir, s.s. Almannavarnir, ríkislögreglustjóra eða Neyðarlínuna, með sama eða lægri tilkostnaði og nú er gert, skal Ríkisútvarpið hlutast til um að gengið skuli til slíks samstarfs.

Aðgerðir og viðmið:

- Ríkisútvarpið skal setja sér nýja og endurskoðaða öryggisstefnu fyrir 1. nóvember 2016.

2.3.4. Dreifikerfi

Ríkisútvarpið skal tryggja eftir fremsta megni að landsmenn allir hafi aðgang að dagskrárframboði þess í sjónvarpi og hljóðvarpi, á öllu landinu og á næstu miðum, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. í lögum nr.

23/2013. Ríkisútvarpið skal miða við að dreifing efnis nái til að minnsta kosti 99,8% heimila í landinu um opið dreifikerfi, þ.e. að almenningur þurfi ekki að kaupa þjónustu frá þriðja aðila til að ná útsendingum Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpinu er þó heimilt að semja við þriðja aðila um leyfi til að dreifa efni þess, að hluta eða í heild.

2.3.5. Jafn réttur karla og kvenna

Ríkisútvarpið skal skv. 6. tl. 2. mgr. 3. gr. laganna leggja áherslu á að hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi þess og dagskrá. Ríkisútvarpið skal setja sér jafnréttisáætlun sem skal endurskoðuð með reglubundnum hætti. Jafnréttisáætlun skal vera í samræmi við lög um Ríkisútvarpið nr. 23/2013, sem og önnur lög eftir því sem við á.

2.3.6. Málstefna

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu. Kappkostað skal að málfar í Ríkisútvarpinu sé til fyrirmyndar og allt innlent efni sem miðlað er sé á vandaðri íslensku.

Aðgerðir og viðmið:

- Á samningstímabilinu skal Ríkisútvarpið endurskoða málstefnu sína. Ný og endurskoðuð málstefna skal kynnt fyrir árslok 2016.
- Starfsmönnum Ríkisútvarpsins ber að kynna sér málstefnuna og haga störfum sínum í samræmi við hana. Starfsmenn skulu hafa aðgang að málfarsráðgjöf.

2.4. Innra eftirlit og gæðamál

Ríkisútvarpið skal á samningstímanum stuðla að faglegum vinnubrögðum og gæðafærlum með það að markmiði að tryggja gæði fréttá- og dagskrárefnis og að fagleg vinnubrögð séu ástunduð í hvívetna. Tryggt skal að innra eftirliti og gæðafærlum sé framfylgt og upplýst sé á gagnsæjan hátt með hvaða hætti það sé gert á hverjum tíma.

Aðgerðir og viðmið:

- Í samræmi við 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 skal stjórn Ríkisútvarpsins setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Starfsreglur þessar skulu birtar á vef Ríkisútvarpsins eigi síðar en 1. júní 2016.
- Starfsfólk Ríkisútvarpsins skal starfa eftir siðareglum, og þær skulu gerðar aðgengilegar á vef félagsins. Siðareglur skulu taka gildi eigi síðar en 1. maí 2016.
- Endurskoða skal fréttareglur Ríkisútvarpsins eigi síðar en 1. júní 2016. Þær skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu Ríkisútvarpsins. Í fréttareglum skal kveðið á um með hvaða hætti þeim skyldum sem löggin og þessi samningur leggja á herðar fréttastofu og ritstjórnar skuli fullnægt, og hvernig skuli bætt úr ef upp koma tilvik þar sem það hefur misfarist. Gætt skal að því að fréttareglur séu í samræmi við löggin.
- Ríkisútvarpið skal láta mæla viðhorf almennings og traust til félagsins í heild og til fréttabjónustu, dagskrárefnis og einstakra dagskrárliða einu sinni á ári. Ríkisútvarpið skal reglulega láta mæla notkun almennings á þjónustu Ríkisútvarpsins.
- Ríkisútvarpið skal setja sér reglur um viðskiptaboð, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laganna.
- Allar lausar stöður skulu auglýstar og ráðið skal eftir opnu, faglegu og gagnsæju ráðningarferli. Jafnframt skal gætt að því að samningar við verktaka séu gerðir eftir opnu, faglegu og gagnsæju ferli.
- Stjórn Ríkisútvarpsins skal setja reglur um innra eftirlit og gæðamál eigi síðar en 1. nóvember 2016. Reglurnar skulu kveða á um hvernig skuli tryggt að Ríkisútvarpið uppfylli þær skyldur sem þjónustusamningur þessi og löggin leggja því á herðar. Í reglum um innra eftirlit og gæðamál skal eftirfarandi m.a. koma fram:
 - Hvernig eftirliti verði háttað til að ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.



- Með hvaða hætti brugðist er við frávikum frá fréttareglum, siðareglum, öryggisreglum, gæðareglum eða öðrum reglum.
- Með hvaða hætti notendur geti komið ábendingum á framfæri við Ríkisútvarpið í gegnum vef. Haldið skal utan um öll erindi með markvissum hætti og þeim beint í viðeigandi farveg og svarað.
- Með hvaða hætti lausar stöður skuli auglýstar og hvernig opið, faglegt og gagnsætt ráðningarferli skuli tryggt. Jafnframt hvernig sé tryggt að samningar við verktaka séu gerðir eftir opnu, faglegu og gagnsæju ferli.

3. Fjármögnun

Ríkisútvarpið hefur tekjur sínar af innheimtu útvarpsgjalds og öðrum tekjum, skv. 14. gr. laganna. Þau markmið, viðmið og skuldbindingar sem lögð eru til grundvallar í samningi þessum byggjast á þeirri forsendu að innheimt útvarpsgjald Ríkisútvarpsins, miðað við árið 2016, lækki ekki að raunvirði á tímabilinu. Gangi þessar forsendur ekki eftir er hvorum samningsaðila heimilt að fara fram á að samningurinn verði tekinn upp.

Greiðslur til Ríkisútvarpsins skulu berast í jöfnum hlutum mánaðarlega og fyrirfram, 1. dag hvers mánaðar. Þær greiðslur miðast við áætlað innheimt útvarpsgjald á árinu en eftir lok hvers árs er gert uppgjör á innheimtu útvarpsgjaldi. Ríkisútvarpinu er óheimilt að verja tekjum frá útvarpsgjaldi til annars en að veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

Reynist tekjur frá útvarpsgjaldi umfram útgjöld vegna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, á samningstímabilinu, þannig að eiginfjárlutfall félagsins sé komið upp fyrir 35% skal Ríkisútvarpið greiða til baka fjárhæð sem nemur mismun á þjónustutekjum og útgjöldum vegna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu eða mismun á eigin fé og því sem væri ef eigið fé væri 35%. Skal lægri fjárhæðin af þessum tveimur greidd og skal greiðslan fara fram í jöfnum hlutum á fjórum mánuðum frá lokum uppgjörs reikningsárs. Ríkisútvarpinu er heimilt eftir lok samnings þessa að halda eftir allt að 10% af tekjum af útvarpsgjaldi sem fer umfram þann kostnað sem félagið hefur af því að veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Þessi regla á ekki við um framlög úr ríkissjóði sem ætluð eru til sérstakra fjárfestinga svo unnt sé að uppfylla fjölmiðlaþjónustu í almannabágu í samræmi við leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA.

Viðskipti og önnur fjárhagsleg tengsl við dótturfélög skulu fara fram á markaðsforsendum, auk þess sem fjármálum almannabjónustu annars vegar og starfsemi sem er í samkeppni við einkaaðila hins vegar skal haldið aðskilinni í bókhaldi.

Auk tekna af útvarpsgjaldi hlýtur Ríkisútvarpið sérstaka fjárveitingu upp á 175 m.kr. árið 2016 til eflingar á leiknu íslensku sjónvarpsefni. Ef ekki verður áframhald á þessari fjárveitingu fellur niður skuldbinding Ríkisútvarpsins um að auka framlag til leikins efnis, sbr. grein 2.1.2.

4. Upplýsingagjöf

Ríkisútvarpið skal halda kostnaðar- og verkbókhald yfir aðföng, framleiðslu og útsendingu dagskrárliða og hagnýtingu annars efnis sem miðlað er til almennings. Ríkisútvarpið skal viðhafa vinnureglur um skiptingu á föstum og sameiginlegum kostnaði á einstök verkefni.

4.1. Rekstraráætlun

Ríkisútvarpið er útgefandi skuldabréfaflokks, RUV 00 1 (IS0000006393), í Kauphöll Íslands og fellur því undir viðeigandi ákvæði laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Ríkisútvarpið skal tryggja að farið sé í einu og öllu eftir reglum Kauphallarinnar um upplýsingagjöf og birta í kerfum Kauphallarinnar þau gögn og þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að birta á hverjum tíma. Jafn óðum skal afhenda mennta- og menningarmálaráðuneytinu afrit af birtum upplýsingum.

Ríkisútvarpið skal afhenda skrifstofustjóra upplýsinga- og fjármálasviðs mennta- og menningarmálaráðuneytisins rekstraráætlun hvers árs, sem skal skráður sem fruminnherji útgefanda skuldabréfsins, sbr. 1. tölul. 121. gr. laga nr. 108/2007. Þetta skal gert þar sem hér gæti verið um að ræða innherjarupplýsingar sem séu nægilega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefanda skuldabréfsins, skuldabréfið sjálft eða önnur atriði og séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfsins ef opinberar væru, sbr. XIII. kafla laga nr. 108/2007. Rekstraráætlun skal vera nákvæm og ítarlegt og skal vera sundurliðuð eftir efnisflokkum og einstökum miðlum. Rekstraráætlun skulu fylgja upplýsingar um umfang dagskrár og annarrar þjónustu og þær breytingar sem fyrirsjáanlegar eru, að teknu tilliti til tekna og gjalda á reikningsársárinu.

Gerir Ríkisútvarpið breytingar á rekstraráætlun sinni skulu skrifstofustjóra upplýsinga- og fjármálasviðs kunngjörðar breytingar á henni og áhrif þeirra á þjónustuna, séu þær gerðar á reikningsárinu.

4.2. Ársreikningur og ársskýrsla

Ríkisútvarpið skal árlega, jafnskjótt og ársuppgjör síðastliðins reikningsárs liggur fyrir, afhenda ráðuneytinu endurskoðaðan ársreikning sem einnig skal gerður aðgengilegur á vef Ríkisútvarpsins. Jafnframt skal birta þar samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning, sbr. 2. mgr. 149. gr. laga nr. 2/1995.

Í endurskoðuðum ársreikningi félagsins skal gera grein fyrir tekjum Ríkisútvarpsins að frádregnum kostnaði, annars vegar af fjölmiðlaþjónustu í almannabágu og hins vegar af þeim hluta starfseminnar sem telst vera í samkeppnisrekstri. Einnig skal gerð nánari grein fyrir sundurliðun útgjalda einstakra liða í samræmi við lög og reikningsskilastaðla sem eru í gildi á hverjum tíma.

Ríkisútvarpið skal gera ársskýrslu fyrir aðalfund og skal ráðuneytinu sent eintak af henni jafnskjótt og hún er tilbúin. Ársskýrslan skal einnig vera aðgengileg á vef Ríkisútvarpsins.

4.3. Upplýsingasöfnun

Ríkisútvarpið skal árlega útbúa greinargerð til fjölmiðlanefndar um hvernig Ríkisútvarpið stendur að fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, skv. 3. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga. Greinargerðin skal einnig send ráðuneytinu jafnóðum og hún er send fjölmiðlanefnd.

Í greinargerðinni skal einnig greint frá niðurstöðum eigin mats Ríkisútvarpsins á framkvæmd ákvæða í 4. mgr. 3. gr. laganna, einkum 2. og 5. tölulið.

Í greinargerð skal setja fram fram tölulegar upplýsingar skv. viðauka við samning þennan og skýringar á hvernig Ríkisútvarpið hefur sinnt fjölmiðlaþjónustu í almannabágu á hverju ári í samanburði við fyrri ár. Einnig skulu koma fram hlutfallslegar breytingar á efnisþáttum í dagskrá allra miðla miðað við ársskýrslu fyrri árs. Þá verði gerð grein fyrir viðhorfi almennings til starfsemi Ríkisútvarpsins eins og þau koma fram, m.a. í könnunum, sem Ríkisútvarpið lætur gera, og ábendingum.

Í greinargerð skal birt sundurliðun útgjalda einstakra liða til að hægt sé að sannreyna og meta gagnsæi og framsetningu á ársreikningi á kostnaði við þá fjölmiðlaþjónustu í almannabágu sem Ríkisútvarpið veitir, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna.

Þá skal í greinargerð gera grein fyrir hvernig aðskilnaði rit- og dagskrárstjórnar og viðskiptalegra hagsmuna sé háttað.



Í greinargerð skal einnig koma fram með hvaða hætti Ríkisútvarpið bregðist við ábendingum, kvörtunum, ákvörðunum, frávikum frá siðareglum, brotum á fréttareglum og öðru sem skiptir máli varðandi gæði eða innra eftirlit.

Ef Ríkisútvarpinu tókst ekki á því ári sem greinargerðin tekur til að koma einstökum atriðum í samningi þessum, eða sem tilgreind eru í 3. gr. laganna í framkvæmd, skal gera grein fyrir ástæðum þess í greinargerð og hvernig stefnt er að því að bæta úr því.

Efnisflokkar og upplýsingar sem tilgreind skulu í greinargerð er að finna í viðauka við samning þennan.

5. Eftirlit og fundir um framkvæmd samnings

Ríkisútvarpið skal á hverjum tíma og eftir því sem ráðuneytið, fjölmiðlanefnd, Samkeppniseftirlitið eða Ríkisendurskoðun óskar eftir, veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna megi hvort Ríkisútvarpið uppfyllir skyldur samkvæmt lögum og samningi þessum.

Aðilar að samningi þessum skulu koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, til að fjalla um framkvæmd samningsins, þróun hans, fyrirhugaðar breytingar og markmið. Sé talin ástæða til breytinga á samningi þessum skulu þær gerðar í sérstökum viðauka við hann.


Ráðuneytið getur sannreynt skýringar á rekstri og framkvæmd samnings með því að óska eftir frekari upplýsingum og gögnum þar að lútandi og veitir Ríkisútvarpið þær, að því gefnu að sérstök samkeppnissjónarmið og lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti mæli ekki gegn því.

6. Gildistími

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2019.


Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 5. apríl 2016




Mennta- og menningarmálaráðherra,
Illugi Gunnarsson

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.,



Guðlaugur G. Sveinsson,
formaður stjórnar



Magnús Geir Þórðarson,
útvarpsstjóri

VIÐAUKI
Greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannabágu

1. Framboð þjónustu og umfang starfsemi

Í árlegri greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannabágu, skv. 7. gr. og 15. gr. laga nr. 23/2013 skal gerð grein fyrir dagskrá og umfangi starfsemi Ríkisútvarpsins og bera saman við dagskrá og umfang þriggja ára á undan.

Gerð skal grein fyrir breytingum og þróun í framboði þjónustu og efnisþáttum út frá neðangreindum atriðum, og fleiri ef við á:

SJÓNVARP

1. Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)
2. Heildarútsendingartími auglýsinga í dagskrá (mín.)
3. Meðalútsendingartími á dag (klst.)
4. Hlutfall innlands og erlends efnis í dagskrá
5. Hlutfall innlands og erlends efnis á kjörtíma (19.00-23.00)
6. Hlutfallsleg skipting eftir tegund dagskrárefnis:
 - a. Fréttir og fréttatengt efni
 - b. Listir, menning og vísindi
 - c. Leikið efni
 - d. Efni fyrir börn og ungmenni
 - e. Íþróttir (skipt eftir helstu íþróttagreinum)
 - f. Afþreyingarefni
7. Hlutfallsleg skipting eftir uppruna dagskrárefnis:
 - a. Ísland
 - b. Önnur Norðurlönd
 - c. Önnur Evrópulönd
 - d. N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada)
 - e. Aðrar heimsálfur
8. Aðgengismál
 - a. Samtímatextun á aðalfréttatíma á síðu 888 (hlutfall)
 - b. Táknmálstúlkun á fréttum og fréttatengdu efni (klst.)
 - c. Textun á síðu 888, frumsýningar (klst. og hlutfall af forunnu innlendu efni)
 - d. Textun á síðu 888, endursýningar (klst. og hlutfall af forunnu innlendu efni)

RÁS 1

9. Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)
10. Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)
11. Skipting dagskrárefnis eftir efnisþáttum (klst. og hlutfall af heild)
 - a. Menningarþættir með blönduðu efni
 - b. Samfélags- og dægurmál
 - c. Fréttir og fréttatengt efni
 - d. Sígild og nútímatónlist
 - e. Dægurtónlist
 - f. Mannlíf
 - g. Leikið efni
 - h. Efni fyrir börn og ungmenni
 - i. Trúmál
 - j. Íþróttir



- k. Kynningar
- l. Auglýsingar

RÁS 2

- 12. Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)
- 13. Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)
- 14. Skipting dagskrárefnis eftir efnispáttum (klst. og hlutfall af heild)
 - a. Íslensk tónlist
 - b. Samfélags- og dægurmál
 - c. Dægurtónlist
 - d. Fréttir og fréttatengd efni
 - e. Leikið efni
 - f. Sígild/létt sígild tónlist
 - g. Skemmtiefni
 - h. Efni fyrir börn og ungmenni
 - i. Menningarþættir með blönduðu efni
 - j. Trúmál
 - k. Kynningar
 - l. Auglýsingar
 - m. Íþróttir

RÚV.IS

- 15. Fjöldi heimsóknna á vef Ríkisútvarpsins
- 16. Samtímaútsending fyrir vef og snjalltæki (% af útsendri dagskrá)
- 17. Framboð af áður útsendu efni á vef (fjöldi upptaka)
- 18. Framboð af frumgerðu efni á vef (fjöldi færslna)

2. Sérstök markmið á samningstíma

Vegna sérstakra markmiða í samningi skal einnig gerð grein fyrir neðangreindum atriðum í árlegri greinargerð til fjölmiðlanefndar:

- 1. Vegna fréttabjónustu (gr. 2.2.1)
 - a. Birting reglna um framkvæmd kosningaumfjöllunar á vef félagsins.
- 2. Vegna kaupa af sjálfstæðum framleiðendum (2.1.1)
 - a. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum sem hlutfall af heildartekjum Ríkisútvarpsins. Um er að ræða kaup á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum, meðframleiðsla, aðkeypt þjónusta þ.á.m. vegna talsetningar, leiga á búnaði o.fl.
 - b. Framlag Ríkisútvarpsins til innlends leikins sjónvarpsefnis í m.kr.
 - c. Framlag Ríkisútvarpsins til innlends leikins sjónvarpsefnis sem hlutfall af heildartekjum.
 - d. Greiðslur Ríkisútvarpsins til sjálfstæðra framleiðenda og framleiðslufyrirtækja í m.kr.
 - e. Greiðslur Ríkisútvarpsins til sjálfstæðra framleiðenda og framleiðslufyrirtækja sem hlutfall af heildartekjum.
- 3. Vegna aukins framlags til íslensks efnis í sjónvarpi (gr. 2.1.2)
 - a. Framlag Ríkisútvarpsins til innlends leikins sjónvarpsefnis í milljónum króna.
 - b. Hlutfall af framlagi Ríkisútvarpsins til leikins efnis sem rennur til sjálfstæðra framleiðenda.
- 4. Vegna aukinnar áherslu á íslenskt efni fyrir börn (gr. 2.1.3)
 - a. Hlutfall barna- og unglingsæfnis sem hlutfall af heildardagskráframboði í sjónvarpi.



- b. Framboð af barnaefni á rúv.is.
 - c. Umfang fréttatengds efnis fyrir börn.
 - d. Umfang efnis sem efla skal læsi.
 - e. Umfang fræðsluheimsókna fyrir grunnskólabörn.
 - f. Aðgerðir til að virkja raddir og sjónarmið barna í mótun efnis og miðlunar.
 - g. Þróun nýsköpunar í dagskrárgerð þvert á miðla og grasrótastarfs.
 - h. Með hvaða hætti þjónusta við börn og ungmenni hafi verið aukin á tímabilinu.
5. Vegna varðveislu og miðlunar á eldra efni (gr. 2.1.5)
- a. Magn safnaefnis Ríkisútvarpsins sem fært er á varanlegt stafrænt form.
 - b. Aðgerðir til að gera safnaefni aðgengilegt almenningi.
6. Vegna stefnumótunar (gr. 2.3.1)
- a. Upplýsingar um aðkomu almennings að stefnumótun Ríkisútvarpsins.
 - b. Dagskrárstefna miðla Ríkisútvarpsins.
7. Vegna þjónustu við landsbyggðina (gr. 2.3.2)
- a. Fjöldi stöðugilda á landsbyggðinni.
 - b. Aðgerðir til að tryggja bætta þjónustu við notendur á landsbyggðinni.
8. Vegna jafns réttar karla og kvenna (gr. 2.3.5)
- a. Kynjahlutfall viðmælenda í fréttum og fréttatengdum þáttum.
9. Vegna innra eftirlits og gæðamála (gr. 2.4)
- a. Siðareglur starfsmanna.
 - b. Fréttareglur Ríkisútvarpsins.
 - c. Reglur um móttöku og meðferð erinda og greinargerð um samskipti við notendur.
 - d. Reglur um innra eftirlit og gæðamál.
 - e. Helstu niðurstöður mælinga á trausti og viðhorfi almennings til Ríkisútvarpsins.
 - f. Umfang skoðunarferða og fræðsluheimsókna.
 - g. Hvernig ábyrgst hafi verið að sanngirni og hlutlægni hafi verið gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
 - h. Með hvaða hætti brugðist hafi verið við einstökum frávikum frá fréttareglum, siðareglum, öryggisreglum, gæðareglum eða öðrum reglum.
 - i. Með hvaða hætti opið, faglegt og gagnsætt ráðningarferli hafi verið tryggt. Jafnframt hvernig tryggt hafi verið að samningar við verktaka séu gerðir eftir opnu, faglegu og gagnsæju ferli.
 - j. Fjöldi ábendinga sem berast um ábendingarkerfi á vef.

3. Tímasettar aðgerðir skv. samningi

1. maí 2016

- Siðareglur taka gildi og eru birtar á vef Ríkisútvarpsins.

1. júní 2016

- Endurskoðaðar fréttareglur taka gildi og eru birtar á vef Ríkisútvarpsins.
- Starfsreglur stjórnar Ríkisútvarpsins taka gildi og eru birtar á vef Ríkisútvarpsins, nánar skal kveðið á um framkvæmd.

1. nóvember 2016

- Reglur um innra eftirlit og gæðamál taka gildi og eru birtar á vef Ríkisútvarpsins.
- Lokið við uppfærslu öryggisstefnu og hún birt á vef Ríkisútvarpsins.

Árslok 2016

- Ný og endurskoðuð málstefna tekur gildi og er birt á vef Ríkisútvarpsins.
- Dagskrárstefna Ríkisútvarpsins tekur gildi og er birt á vef Ríkisútvarpsins.
- Ný stefna Ríkisútvarpsins skv. gr. 2.3.1 tekur gildi og er birt á vef Ríkisútvarpsins.
- Reglur um viðskiptaboð skv. 3. mgr. 7. gr. laganna taka gildi og eru birtar á vef Ríkisútvarpsins.

Handwritten signature and initials in black ink, located in the bottom right corner of the page. The signature appears to be 'All' and the initials 'MBB'.

